

Dags eftirlits	8.6.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Arctic Smolt	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sindragata 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurvin Hreiðarsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram í eftirlitinu. Staðfestar voru úrbætur vegna fjögurra eldri frávika. Þrjú eldri frávik eru enn opin en unnið í þeim eftir samþykktri úrbótaáætlun.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Arctic Smolt, Botni, Tálknafirði. Steinunn G. Einarsdóttir og Sigurvin Hreiðarsson voru fulltrúar rekstraraðila en Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Arctic Smolt er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 10.1.2019 og gildir það til 10.1.2035.

### Dagskrá:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

### 1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Sex frávik (b-g) voru skráð í eftirliti 2021 en auk þess er opið frávik frá 2019 (a).

a) Frávik frá 2019 snýr að útlagningu frárennslislagna.

Framkvæmdir voru í gangi þegar eftirlitið fór fram og miða þær við að þeim kröfum sem gerðar eru til frárennslislagna, verði mætt. Ekki er hægt að loka frávikinu fyrr en framkvæmdum verður lokið, og er því óskað eftir að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um lok framkvæmda þegar þar að kemur.

b) „Skráningum á losun næringarefna var ábótavant og því ekki ljóst hvort rekstraraðili starfaði innan marka starfsleyfis sem snýr að losun fosfórs.“

Grænu bókhaldi hefur verið skilað og þar kemur fram að losun fosfórs er 1,71kgP/framleitt tonn. **Frávikinu telst því lokið.**

c) „Rekstraraðili skal tryggja virkni hreinsibúnaðar. Settjörn skal hreinsuð á a.m.k. þriggja ára fresti og átti fyrsta hreinsun að fara fram fyrir 15.5.2020.“

Mokað var úr settjörnum í nóvember 2021 skv. yfirlýsingu frá verktaka dags. 23.11.2021. Áform eru uppi um að í framtíðinni verði dælt úr þeim í tjarnir sem eru á túnnum innan lóðarinnar. Ekki eru merki um annað en að hreinsibúnaður virki eins og til er ætlast, en áfram verður fylgst með honum í eftirlitum Umhverfisstofnunar. **Frávikinu telst því lokið.**

d) „Við neyslu- og lausageyma skulu tryggðar öruggar mengunar-, árekstra-, eld- og slysavarnir. Sé nauðsynlegt að færa lausageymi til innan athafnasvæðis skal það gert með öruggum hætti.“

Ekki hefur verið brugðist við, en verið er að reisa aðstöðu sem mun gera það óþarft að hafa lausa geyma á lóðinni. Ekki er hægt að loka frávikinu fyrr en aðstaðan verður tilbúin og lausir geymar ekki lengur til staðar. Því er óskað eftir að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um lok framkvæmda ef þau verða fyrir næsta reglulega eftirlit.

e) „Rekstraraðili skal við geymslu efna sýna fyrirbyggju og varkárni til að fyrirbyggja skaða á heilsu og umhverfi og takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Ganga skal þannig frá eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu að því að þau berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Formalín tunnur eru geymdar í rými með niðurfalli án fullnægjandi lekavarna. (Smur)ólúbrúsar voru á lóð.“

Engir brúsar sáust á lóðinni. Formalín er hins vegar enn geymt í rými með niðurfalli án fullnægjandi lekavarna. Rætt var um að rekstraraðili komi formalínbrúsum þannig fyrir að ekki sé hættu á að formalín leki í niðurfall ef óhöpp verða. Óskað er eftir að Umhverfisstofnun verði tilkynnt um þegar gengið hefur verið tryggilega frá formalíninu.

f) „Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila ársyfirliti sem tekur til skráninga og niðurstaða mælinga vegna undangengins árs. Niðurstöður mælinga sem skilað var eru ekki með mælieiningar og því er ekki litið á skilin sem fullnægjandi skil niðurstaða.“

Uppfærðu ársyfirliti hefur verið skilað og **telst frávikinu lokið.**

g) „Vöktunaráætlun skal taka til vöktunar á dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Vöktun skal einnig innihalda mat á umhverfisástandi sjávarbotns. Í vöktunaráætlun rekstraraðila er ekki fjallað

um ofangreint.“

Ný vöktunaráætlun barst þann 17.11.2021. Vöktunaráætlunin er samþykkt, en bent á að:

- 1) Grunnskýnataka þarf að fara fram áður en botninum verður raskað
- 2) Grunnskýnataka verður að vera það ítarleg að hægt verði að bera niðurstöður úr mælingum sem gerðar verða á meðan starfsleyfið er í gildi, við niðurstöður hennar.

2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

3. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta vegna ákveðinna brota gegn lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin getur lagt sektir á lögaðila, sem geta numið 25.000 til 25.000.000 kr. Ákvæðið er að finna í 67. gr. laganna.

4. Önnur mál

Öllum gögnum sem rekstraraðila ber að skila skv. starfsleyfi, var skilað á réttum tíma.

Minnt var á að skv. vöktunaráætlun er áætlað að sýnatökur á frárennsli fari fram árið 2022.

5. Skoðunarferð

Farin var skoðunarferð um húsnæði og lóð Arctic Smolt. Ekkert athugavert sást, annað en það sem áður hefur komið fram í skýrslunni.

**ÁBENDINGAR**

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.07.2022



Freyr A. Evarsson